

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.

1. gr.

Við 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 29. tl., svohljóðandi:
Björgunar- og öryggisnet til notkunar um borð í skipum eða við hafnir til björgunar mönnum úr sjávarháska.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. febrúar 1984.

Albert Guðmundsson.

Lárus Ögmundsson.

AUGLÝSING

**um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja
nr. 31 2. febrúar 1982.**

1. gr.

1. málsgrein 3. orðist þannig:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 7,20 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. gr.

1. málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 14,40 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 144,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 288,00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið 10. febrúar 1984.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Sveinbjörnsdóttir.